

Bárðarbunga_is update 26082014

2014-08-26 14:49 UTC

Bárðarbunga update

Höfundar

Veðurstofa Íslands (Melissa Pfeffer, Sara Barsotti, Hildur María Friðriksdóttir, Benedikt G. Ófeigsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Sigbrúður Ármannsdóttir) Jarðvísindastofnun Háskólans (Þóra Árnadóttir, Sigrún Hreinsdóttir, Michelle Parks, Ásta Rut Hjartardóttir, Stéphanie Dumont, Freysteinn Sigmundsson, Magnús Tumi Guðmundsson, Páll Einarsson, Elías Rafn Heimisson)

Byggt á

Jarðskjálftamælingum, GPS, vatnssýnum

Gosmökkur

Hæð

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Stefna

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Litur

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Gjóskufall

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Eldingar

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Drunur

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Bræðsluvatn

Rennsli vatnsfalla á svæðinu er dæmigert miðað við árstíma og rafleiðni mælist ekki óeðlilega há. Við Upptýppinga hefur rennsli Jökulsár á Fjöllum hefur verið að meðaltali 180 m³/s undanfarna daga og leiðnin nálægt 180 uS/cm. Leiðnin í Rjúpnabrekkukvísl mælist nálægt 60 uS/cm í dag og leiðni í Köldukvísl 90 uS/cm.

Aðstæður á gosstað

Ekkert eldgos

Órói

Engin merki um eldgosa-óróa

Jarðskjálftar

Enn mælist mikil jarðskjálftavirkni og þokast hún enn til norðurs. Skjálftavirknin er nú aðallega á þeim hluta gangsins sem er við jaðar Dyngjujökuls. Flestir skjálftanna við bergganginn mælast á 8-12 km dýpi. Stærsti skjálftinn sem mælst hefur til þessa við ganginn (innskotið) varð nú í dag rétt fyrir hádegi, 4,6 að stærð. Klukkan 01:26 í nótt varð skjálfti af stærð 5,7 (skv. mælakerfi USGS) á 6 km dýpi undir Bárðarbungu öskjunni (SIL-kerfi VÍ).

GPS-aflögun

Nýjustu gögn frá GPS landmælingum benda til þess að kvika sé enn að flæða inn í bergganginn undir Dyngjujökli og að hann haldi áfram að lengjast í norðurstefnu undan Dyngjujökli. Þetta er í samræmi við staðsetningar jarðskjálfta síðastliðinn sólarhring. Líkanreikningar sem byggðir eru á GPS-gögnum gefa til kynna að heildarrúmmál kviku í bergganginum sé orðið allt að 350 milljón rúmmetrar.

Heildarmat

Ekki er hægt að segja til um það á þessari stundu hvert framhaldið verður. Þrjár möguleikar eru taldir líklegastir: 1) Að innflæði kviku stöðvist og skjálftahrinan fjari út og ekki komi til eldgoss. 2) Gangurinn nái til yfirborðs og elsgos hefjist. Líklegast er að það verði við norðurenda gangsins. Þá er líklegast að verði hraungos með nokkurri sprengivirkni. 3) Gangurinn nái til yfirborðs og eldgos hefjist en verulegur hluti eða öll sprungan verði undir Dyngjujökli. Gosið myndi leiða til jökulhlaups í Jökulsá á Fjöllum og e.t.v. einnig sprengigoss með öskufalli. Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir t.d. gos í Bárðarbunguöskjunni en líkur á því eru mun minni á þessari stundu.